

Mánudaginn 16. janúar 1984.

Nr. 3/1983.

Alþýðusamband Íslands f.h.
Félags leiðsögumanna vegna
Friðriks Haraldssonar

(Arnmundur Backman hrl.)
gegn

Félagi íslenskra ferðaskrifstofa f.h.
Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónssonar h/f
(Ingólfur Hjartarson hdl.).

Kjarasamningur. Ráðning ófélagsbundins leiðsögumanns.
Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Árni Guðjónsson og Hafsteinn Baldvinsson.

Málið, sem tekið var til dóms 5. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 20. september 1983.

Sóknaraðili málsins er Alþýðusamband Íslands f.h. Félags leiðsögumanna vegna Friðriks Haraldssonar, kennara og leiðsögumanns, Njálsgötu 11, Reykjavík.

Kröfur sóknaraðila eru nú þessar:

1. Að ráðning ófélagsbundins leiðsögumanns, Halldóru Jónsdóttur, Lyngheiði 2, Selfossi, til leiðsögustarfa í 12 daga tjaldferð hinn 23. ágúst 1982 til 3. september s.á. í stað Friðriks Haraldssonar, Álfhólsvegi 99, Kópavogi, sem er félagsbundinn í Félagi leiðsögumanna og telur sig hafa verið ráðinn í umrædda ferð, verði dæmd brot á forgangsréttarákvæði kjarasamnings sóknaraðila við varnaraðila, 3. gr.

2. Að varnaraðila verði gert að greiða Friðriki Haraldssyni kr. 13.911 eða aðra lægri fjárhæð með 42% ársvöxtum frá 4. september 1982 til dómsuppsögudags, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, í skaðabætur samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938.

3. Að varnaraðila verði gert að greiða sekt samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938.

4. Að varnaraðila verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Varnaraðili er Félag íslenskra ferðaskrifstofa f.h. Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar h/f, Reykjavík.

Varnaraðili krefst sýknu af öllum kröfum sóknaraðila og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað.

Í greinargerð var af hálfu stefnda krafist frávisunar, en frá þeirri kröfu var fallið undir rekstri málsins.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

I.

Félag leiðsögumanna er hagsmunasamtök þeirra, sem stunda leiðsögu og fararstjórn ferðamanna innanlands eða utan. Friðrik Haraldsson hefur verið í stjórn félagsins frá því á árinu 1979.

Í 3. gr. kjarasamnings Félags leiðsögumanna og Félags íslenskra ferðaskrifstofa er svofellt ákvæði:

„Ferðaskrifstofurnar skuldabinda sig til að ráða einungis félagi í Félagi leiðsögumanna til starfa við leiðsögu, enda séu þeir tiltækir og fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru hverju sinni. Jafnframt lofar Félag leiðsögumanna að láta ferðaskrifstofurnar hafa forgangsrétt að vinnu félagsmanna.“

Í 11. grein kjarasamnings segir svo:

„Ráðning leiðsögumanna skal staðfest skriflega eða með bréfi eða símskeyti, áður en ferð hefst, ef leiðsögumaður óskar þess.“

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði í 11. gr. virðist ráðning leiðsögumanna yfirleitt alltaf hafa verið gerð munnlega.

Friðrik Haraldsson hafði unnið sem leiðsögumaður hjá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar h/f sumarlangt sumurinn 1977-1981, og voru ráðningarsamningar hans allir munnlegir.

Óumdeilt er, að Friðrik var ráðinn leiðsögumaður í tvær 12 daga tjaldferðir hjá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar h/f í júní og júlí 1982. Lagði hann upp í fyrri ferðina 18. júní og lauk þeirri ferð 29. sama mánaðar. Hin ferðin skyldi hefjast 2. júlí og standa til 13. sama mánaðar.

Á meðan Friðrik var í fyrri ferðinni, birtist í Morgunblaðinu 20.

júni auglýsing frá Flugleiðum með mynd af Friðriki Haraldssyni, þar sem auglýst var, að Friðrik yrði leiðsögumaður í rútuferð um Þýskaland dagana 7.-15. júlí. Fór Friðrik í Þýskalandsferðina. Eftir heimkomuna úr Þýskalandsferðinni var Friðrik á ferðalagi frá 20. júlí til 18. ágúst með frönskum kvikmyndahópi, sem var að gera hér kvikmynd víða um land. Áður en hann fór í þá ferð, kvaðst hann hafa farið á Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar h/f og rætt þar við Sæmund Gunnarsson, sem m.a. vann að ráðningu leiðsögumanna. Segir Friðrik, að þeir hafi bundið fastmælum, að hann færi í tjaldferð nr. 59 á vegum ferðaskrifstofunnar dagana 23. ágúst til 3. september. Hinn 20. ágúst mætti Friðrik svo á ferðaskrifstofuna til þess að fá nánari upplýsingar um ferðina. Var honum þar tjáð, að hann væri ekki ráðinn í þá ferð, heldur Halldóra Jónsdóttir, sem ekki var félagi í Félagi leiðsögumanna, en hún hafði verið leiðsögumaður í þrjár ferðir á vegum ferðaskrifstofunnar. Ferðir þessar stóðu yfir dagana 27. júní til 9. júlí, 11. til 23. júlí og 8. til 20. ágúst. Þess var þá óskað, að einhver annar félagsmaður í Félagi leiðsögumanna færi í ferðina 23. ágúst í stað Halldóru. Því var hafnað. Halldóra fór sem leiðsögumaður í ferðina. Þessu var andmælt af hálfu Félags leiðsögumanna, og var málið samkvæmt heimild í 20. gr. kjarasamnings aðila lagt fyrir fastanefnd heildarsamtakanna. Ekki reyndist unnt að ljúka málinu þar. Var mál þetta síðan höfðað fyrir Félagsdómi.

II.

Af hálfu sóknaraðila er á það bent, að óumdeilt sé, að Halldóra Jónsdóttir hafi verið ráðin leiðsögumaður í ferð nr. 59, enda þótt Friðrik Haraldsson hafi áður verið ráðinn í ferðina. Þegar Friðriki hafði verið neitað um leiðsögustarf þetta, hafi annar félagsbundinn leiðsögumaður verið fram boðinn, en því boði verið hafnað. Brot Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar h/f á 3. gr. kjarasamningsins sé því augljóst, og beri því að taka 1. kröfulið sóknaraðila til greina.

Með framangreindu broti hafi ferðaskrifstofan valdið Friðriki Haraldssyni tjóni, sem hann sundurliði þannig:

1. 12 daga tjaldferð nr. 59: 9 dagar á 882,00	kr.	7.938,00
3 dagar á 948,00	—	2.844,00
2. Afpökkuð ferð Gullfoss-Geysir 22. ágúst 1982 á vegum Kynniferða	—	736,00

3. Símakostnaður (reynt að ná símasambandi við Sæmund Gunnarsson erlendis)	—	1.500,00
		Kr. 13.018,00
4. 7,75% vegna sérsjóða Félags leiðsögumanna .	—	893,00
		Kr. 13.911,00

Aðalkrafa sóknaraðila samkvæmt 2. kröfulið er miðuð við ofangreinda fjárhæð, kr. 13.911,00, en varakrafan er, að dæmd verði lægri fjárhæð að mati dómsins.

Þriðji kröfuliður er rökstuddur með vísan til 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 og 65. gr. sömu laga.

III.

Því er haldið fram af hálfu varnaraðila, að sú framkoma Friðriks Haraldssonar að rifta gerðu samkomulagi um, að hann yrði leiðsögumaður í ferðinni 2. til 13. júlí, hafi m.a. orðið þess valdandi að ráða hafi þurft Halldóru Jónsdóttur sem leiðsögumann, en Friðrik hafi hlaupist á brott úr starfi sínu á mesta annatíma ársins, en það sé einmitt júlímánuður. Við það bætist, að Friðrik hafi ráðið sig til Flugleiða h/f, sem ekki sé beinn aðili að Félagi íslenskra ferðaskrifstofa. Ferðabjónusta Flugleiða sé að vísu aðili, en Friðrik hafi ekki farið á hennar vegum, heldur sjálfs fyrirtækisins Flugleiða h/f. Þá hafi Ráðningarstofa leiðsögumanna ekki getað útvegað leiðsögumenn í allar ferðir einmitt í byrjun júlímánaðar vegna mikilla anna. Þar við bætist, að þurft hafi að tryggja Halldóru frekari vinnu en þá fyrstu ferð, sem hún fór fyrir félagið þetta sumar. Þá sé enn á það að líta, að ferðaskrifstofan hafi á hverju einasta ári haft einn eða fleiri leiðsögumenn utan Félags leiðsögumanna, þegar félagar í Félagi leiðsögumanna hafi ekki verið til-tækir. Hafi ferðaskrifstofan greitt öll tilskilin gjöld af starfsmönnum þessum til Félags leiðsögumanna og aldrei fengið neinar kvartanir þar að lútandi frá félaginu. Þá sé viðurkennt af Ragnhildi Pálsdóttur, sem starfaði á Ráðningarstofu leiðsögumanna, að aðilar hafi ekki tekið strangt á 3. gr. kjarasamningsins. Sjálfur hafi Friðrik einnig brotið gegn 3. gr. kjarasamningsins með því að ráða sig til hins franska kvikmyndahóps í ferð um landið á tímabilinu 20. júlí til 18. ágúst, en Félag leiðsögumanna hafi skuldbundið sig til að láta ferðaskrifstofur innan Félags íslenskra ferðaskrifstofa hafa forgangsrétt að vinnu félagsmanna, en hinn franski kvikmynda-

hópur hafi að sjálfsögðu verið utan samtakanna. Samkvæmt öllum málavöxtum hafi því verið heimilt að ráða Halldóru í upphafi og synja Friðriki um starfið, þegar hann kom á ferðaskrifstofuna 20. ágúst. Beri því að sýkna varnaraðila af öllum kröfum sóknaraðila.

IV.

Friðrik Haraldsson, Ragnhildur Pálsdóttir, Signý Guðmundsdóttir og Sæmundur Gunnarsson hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi. Sumarið 1982 rak Félag leiðsögumanna ráðningarstofu.

Ragnhildur Pálsdóttir, sem vann þar frá 1. júlí, hefur m.a. skýrt svo frá, að í fyrstu eða annarri viku júlímánaðar hafi gengið mjög illa að ráða leiðsögumenn til starfa. Hafi það gengið svo langt, að ein ferðaskrifstofa hér í borg hafi þurft að auglýsa í útvarpi eftir leiðsögumanni, þegar ráðningarstofan hafði fullreynt að útvega leiðsögumenn samkvæmt félagaskrá. Að öðru leyti hafi gengið allvel að útvega félagsbundna leiðsögumenn. Aðspurð um, hve stór hópur leiðsögumanna ráði sig yfir sumartímamann í vinnu hjá aðilum utan Félags íslenskra leiðsögumanna, kvað hún leiðsögumenn Félags leiðsögumanna telja sig hafa óformlegt leyfi til að ráða sig í ferðir félagasamtaka, t.d. samtaka starfsmannafélaga og í ferðir aldraðra á vegum Reykjavíkurborgar. Að öðru leyti sé henni ekki kunnugt um, að Félag leiðsögumanna vinni fyrir aðra en ferðaskrifstofur.

V.

Af gögnum málsins er ljóst, að Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar h/f átti vøl á leiðsögumönnum innan Félags leiðsögumanna til að fara í ferð nr. 59. Verður eigi fallist á það með varnaraðila, að þær varnarástæður, sem hann ber fyrir sig varðandi þá ráðningu, komi honum að haldi. Ber því að fallast á með sóknaraðila, samanber 1. kröfulið, að það hafi verið brot á 3. gr. kjarasamnings aðila, þegar ferðaskrifstofan réð Halldóru Jónsdóttur leiðsögumann í margnefnda tjaldferð nr. 59 dagana 23. ágúst til 3. september 1982.

Svo sem málf lutningi og sönnunarreglum er háttað, verður að líta svo á, að Flugleiðir h/f og hinn franski kvikmyndahópur, sem Friðrik Haraldsson vann fyrir á tímabilinu frá 7. júlí til 18. ágúst 1982, hafi ekki verið aðilar að Félagi íslenskra ferðaskrifstofa. Friðrik Haraldsson hefur ekki sannað gegn andmælum varnaraðila, að hann hafi gert nokkurn fyrirvara varðandi ráðningu sína í ferð-

ina, sem hann átti að fara í 2. júlí. Rauf Friðrik því ekki aðeins ráðningarsamning sinn við Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar h/f, heldur mátti honum sem stjórnarmanni í Félagi íslenskra leiðsögumanna vera ljóst, að hann var einnig að takast á hendur störf, sem brutu í bága við 3. gr. kjarasamnings aðila, og það einmitt á mesta annatíma ársins. Sóknaraðili hefur ekki heldur sannað gegn andmælum varnaraðila, að Friðrik hafi verið ráðinn í ferð nr. 59. Að svo vöxnu máli þykja ekki efni til að dæma Friðriki bætur, svo sem krafist hefur verið í 2. kröfulið.

Eins og atvikum er háttað, er ekki ástæða til að dæma varnaraðila til greiðslu sektar samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Ráðning Halldóru Jónsdóttur sem leiðsögumanns í tjaldferð nr. 59 dagana 23. ágúst til 3. september 1982 var brot af hálfu Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar h/f á 3. gr. kjarasamnings Félags leiðsögumanna og Félags íslenskra ferðaskrifstofa.

Kröfur sóknaraðila samkvæmt 2. og 3. kröfulið eru ekki teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Björns Helgasonar og Árna Guðjónssonar.

Við undirritaðir erum samþykkir dómi meiri hluta dómenda svo og dómsorði að öðru leyti en V. kafla, sem við teljum, að eigi að hljóða svo:

Af gögnum málsins er ljóst, að Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar h/f átti vól á leiðsögumönnum innan Félags leiðsögumanna til að fara í ferð nr. 59. Verður eigi fallist á það með varnaraðila, samanber 1. kröfulið, að það hafi verið brot á 3. gr. kjararáðningu, komi honum að haldi. Ber því að fallast á með sóknaraðila samanber 1. kröfulið, að það hafi verið brot á 3. gr. kjarasamnings aðila, þegar ferðaskrifstofan réð Halldóru Jónsdóttur sem leiðsögumann í margnefnda tjaldferð nr. 59 dagana 23. ágúst til 3. september 1982.

Sóknaraðili hefur ekki sannað gegn andmælum varnaraðila, að Friðrik hafi verið ráðinn í ferð nr. 59. Að svo vöxnu máli þykja ekki efni til að dæma Friðriki bætur, svo sem krafist hefur verið í 2. kröfulið.

Ekki er, eins og á stendur, efni til að dæma varnaraðila til greiðslu sektar samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 6. apríl 1984.

Nr. 2/1984. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Guðrún Margrét Árnadóttir hdl.)

gegn

Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja

f.h. Kennarasambands Íslands

(Gestur Jónsson hrl.).

Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Ragnar Halldór Hall og Sigurfinnur Sigurðsson.

Málið er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 29. febrúar 1984 af fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f.h. Kennarasambands Íslands, og eru stefnukröfur þær, „að viðurkennt verði með dómi, að kennurum í grunnskólum sé skylt að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum skv. löglegum fyrirmælum yfirmanna sinna og í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins.“

Í greinargerð, sem er dagsett 19. mars 1984, hefur stefndi gert eftirfarandi dómkröfur: *Aðallega*, að málinu verði vísað frá Félagsdómi. *Til vara*, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda.